

Ed.

777. Frumvarp til laga

[214. mál]

um verkfræðipjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

Samhljóða þskj. 433 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Verði komið á fót verkfræðipjónustu, eins og um ræðir í þessum lögum, getur hún tekið að sér áætlanagerð fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins gegn hæfilegri greiðslu eftir samkomulagi aðila, enda greiði stofnunin þá sem svarar $\frac{3}{4}$ hlutum af árslaunum starfsmanns, sbr. lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 93 frá 24. desember 1971, 31. gr.

5. gr. hljóðar svo:

Ríkisvaldið veitir fjárhagsaðstoð við stofnsetningu og rekstur slíkrar verkfræðistofu, eins og hér segir:

1. 500 000 kr. vegna stofnkostnaðar, í eitt skipti fyrir öll, hverjum þeim landshlutasamtökum, sem koma á fót verkfræðistofu.
2. Ábyrgist greiðslu á hálfum hluta rekstrarhalla verkfræðistofu, en þó aldrei meira en nemur hálfum hluta af launum og kostnaði við einn verkfræðing.